

D ó m s o r ð:

Ákærði, Steingrímur Njálsson, sæti fangelsi í 2 ár og 6 mánuði.

Ákærði greiði Z 300.000,00 krónur í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 30.000,00, og kr. 3.000,00 í söluskatt til ríkissjóðs.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 17/1987. **Arnarflug hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

gegn

Gisla Maack

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Stefnubirting. Ómerking. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 15. janúar 1987. Hann gerir þær dómkröfur aðallega að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara að löghald það sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464 hinn 20. október 1986 verði fellt niður og áfrýjandi sýknaður af hinum tildæmdu kröfum stefnda, en til þrautavara að tildæmdar kröfur verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi gerir þær dómkröfur að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Þann 24. þessa mánaðar var mál þetta flutt um framkomna frávísunarkröfu, sbr. 48. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands, að því er varðar lögmæti stefnubirtingarinnar. Krafðist þá stefndi að ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjanda yrði hrundið.

Áfrýjandi byggir ómerkingar- og frávísunarkröfu sína á því að honum hafi eigi verið löglega birt stefna til héraðsdóms í máli þessu. Stefnan var birt á heimili framkvæmdastjóra félagsins fyrir eigin konu hans.

Stefndi telur þetta venjuhelgaðan birtingarmáta stefnu.

Í 4. mgr. 95. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði segir: „Ef birta á stefnu eða aðra tilkynningu skrásettu eða skrásetningarskyldu firma eða félagi, þá telst rétt birt á hinu skrásetta heimili eða þar, sem það skyldi skrásett.“

Áfrýjandi er skrásett félag með skrásettu heimilisfangi. Varnarþing þess er í Reykjavík og heimilisfang að Lágmúla 7, Reykjavík. Þar hefði því verið rétt að birta stefnu til héraðsdóms í málinu samkvæmt tilvitnuðu ákvæði. Lög gera ekki ráð fyrir undantekningum hér á, og réttarvenja í aðra átt er ósönnuð. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð í héraði og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Rétt þykir að stefndi greiði áfrýjanda kr. 25.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Stefndi, Gísli Maack, greiði áfrýjanda, Arnarflugi hf., 25.000,00 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. nóvember 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 6. nóvember sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með réttarstefnu útgefinni 27. október 1986 og birtri 30. október 1986 af Gísla Maack, nnr. 2680-6046, Efstahjalla 9, Kópavogi, gegn Arnarflugi hf., nnr. 0454-7063, Lágmúla 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.212.679,00 auk 2,25% dráttarvaxta á mánuði eða broti úr mánuði af kr. 1.769.284,00 frá 1. ágúst 1986 til greiðsludags auk málskostnaðar samkv. framlögðum málskostnaðarreikningi, þ.m.t. allur

löghaldskostnaður. Jafnframt sé krafist staðfestingar á löghaldi í flugvél-
inni TF-VLU nr. 464, sem lagt hafi verið á hinn 20. október 1986.

— — —

D ó m s o r ð:

Staðfest er löghald sem gert var í flugvélinni TF-VLU nr. 464, sem
lagt var á hinn 20. október 1986.

Stefndi, Arnarflug hf., greiði stefnanda, Gísla Maack, kr. 2.212.
679,00 ásamt 2,25% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 1.769.284,00 frá
1. ágúst 1986 til greiðsludags.

Miðvikudaginn 24. febrúar 1988.

Nr. 163/1987. **Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**

(Gunnlaugur Claessen hrl.) og

Tómas Sveinbjörnsson

(Agnar Gústafsson hrl.)

gegn

Ingimundi K. Helgasyni

og gagnsök

(Gylfi Thorlacius hrl.)

Skaðabótamál. Lögreglumenn. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen,
Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlends-
dóttir og Sigurður Líndal prófessor.

Aðaláfrýjandinn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs skaut máli þessu
til Hæstaréttar með stefnu 20. maí 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi
18. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst
aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, en til vara sýknu að svo
stöddu og í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og